



---

# REGLUGERÐ UM HEIÐURSVIÐURKENNINGAR ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

---

## 1. grein

Framkvæmdastjórn ÍSÍ skulu, er tilefni er til, veita einstaklingum, félögum, félagasamtökum og bæjar- og sveitarfélögum, viðurkenningar samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

## 2. grein

Heiðursviðurkenningar Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands skiptast í eftirfarandi flokka:

1. *Heiðurskross ÍSÍ.*
2. *Gullmerki ÍSÍ.*
3. *Silfurmerki ÍSÍ.*
4. *Heiðurskjöl ÍSÍ*
5. *Veggskjöldur ÍSÍ.*

## 3. grein

Heiðurskross ÍSÍ er jafnarma kross með upphleyptu merki sambandsins í miðju, borinn í borða í íslenskum fánalítum, veitist íslenskum ríkisborgara fyrir langvarandi og góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar í heild, einstakra íþróttahéraða, íþróttagreina eða félaga, svo að viðurkenninga sé vert á alþjóðamælikvarða.

Einnig má veita erlendum mönnum heiðurskross ÍSÍ.

## 4. grein

Gullmerki ÍSÍ er kringlótt og sýnir gjósandi eldfjall hvílandi á Ólympíuhringjunum. Þrjár eldtungur eru tákni innri krafts, hreysti og hins ólympíska elds. Fjallið er stílfært úr fimm röndum. Gullmerki ÍSÍ má veita þeim einstaklingum, sem innt hafa af höndum skipulags-, stjórnar- eða þjónustustörf fyrir íþróttasamtökin um lengri tíma.

## 5. grein

Silfurmerki ÍSÍ er silfurslegið merki, samskonar að lögun og Gullmerki ÍSÍ, má afhenda einstaklingum sem unnið hafa gott og giftudrjúgt starf í þágu einstakra íþróttafélaga, héraðssambanda/íþróttabandalaga og/eða íþróttahreyfingarinnar í heild.

## 6. grein

Heiðurskjal ÍSÍ má veita þeim bæjar- og sveitastjórnnum, sem skara fram úr með byggingu íþróttamannvirkja og/eða stuðningi við íþróttastarfið.

### 7. grein

Veggskjöld ÍSí má veita félögum, héraðssamböndum og sérsamböndum og öðrum aðilum við sérstök tækifæri þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjórn ÍSí ákveður hverju sinni viðurkenningar samkvæmt þessari grein.

### 8. grein

Tillögurétt um veitingu heiðursmerkja hafa einstakir framkvæmdastjórnarmenn, stjórnir sérsambanda, héraðssambanda/íþróttabandalaga og íþróttá- og ungmennafélaga. Tillögum skal fylgja nákvæm skilgreining á störfum viðkomandi og starfsferill allur innan íþróttahreyfingarinnar.

### 9. grein

Forseti ÍSí skal að jafnaði afhenda ofangreindar heiðursviðurkenningar, en í fjarveru hans varaforseti eða framkvæmdastjóri eða aðrir þeir sem framkvæmdastjórn ákveður.

### 10. grein

Skrifstofa ÍSí skal skrá allar heiðursviðurkenningar ÍSí.

### 11. grein

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um sama efni frá 14. maí 1955, 27. apríl 1957, 7. desember 1963 og 15. mars 1996.

### 12. grein

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 11. september 2003.**